

Langanesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 10. september 2024
UST202409-082/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027 - Verslunar- og þjónustusvæði að Skeggjastöðum í Bakkafirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 - 2027 vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Skeggjastöðum í Bakkafirði.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að skilgreina heimildir í aðalskipulagi undir gístirekstur og aðra ferðaþjónustu og vinna deiliskipulag samhliða þar sem heimilt verður að reisa allt að 8 hýsi til útleigu ferðamanna og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé einnig um verndarmarkmið sveitarfélagsins og hugað að mótvægisáðgerðum og endurheimt.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur